

reglugerð (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja.

Með íslenskum lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna er átt við lög nr. 1 frá 10. janúar 1997, um Lífeyris-sjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lög nr. 2 frá 10. janúar 1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

Með norskum lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna er átt við lög nr. 26 frá 28. júlí 1949, um Lífeyrissjóð ríkisins, með síðari viðbótum.

Með sænskum lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna er átt við þau ákvæði um lífeyri ríkisstarfsmanna o.fl. sem sett hafa verið að tilhlutan ríkisstjórnarinnar eða af yfirvaldi eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar eða, hvað varðar þjóðþingið og stofnanir þess, að tilhlutan þjóðþingsins. Með lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna er þó ekki átt við ákvæði um viðbótarhlutalífeyri né heldur ákvæði um varalífeyri eða sam-svarandi eingreiðslu.

## AUGLÝSING

### um gildistöku samnings um framkvæmd XI. hluta hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Samningur um framkvæmd XI. hluta hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982, sem samþykktur var í New York 28. júlí 1994, öðlaðist gildi 28. júlí 1996, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1985, 40/1993 og 43/1995 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*

## AUGLÝSING

### um gildistöku samnings um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

Samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, sem gerður var í New York 4. ágúst 1995, öðlaðist gildi 11. desember 2001, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1997 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*